



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferð um Ártúnsbrekku (US210118).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hversu mikið mun umferð um Ártúnsbrekku aukast við nýja byggð við Ártúnshöfða án áhrifa Sundabrautar?

Stórt nýtt hverfi við Höfðann mun auka enn frekar á umferðarpunga við Ártúnsbrekku, en bygging Sundabrautar mun létta á umferðinni og því brýnt að hún verði að veruleika sem fyrst.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 5. maí sl.

Svar við fyrirspurn:

Í greiningu með nýju samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins á áhrifum Sundabrautar kemur fram að áætluð sólarhringsumferð neðst í Ártúnsbrekku á virkum degi árið 2034 er um 165 þús. ökutæki án Sundabrautar en um 126 þús. með Sundabraut á brú eða í göngum. Árið 2019 var sólarhringsumferð á virkum degi neðst í Ártúnsbrekku um 119 þús. ökutæki.

Í spám samgöngulíkans fyrir árið 2034 er gert ráð fyrir að íbúar höfuðborgarsvæðisins verði um 304 þús. og að bílferðum á svæðinu fjölgi um 37% frá árinu 2019. Ekki liggja fyrir spár um umferðarpunga í Ártúnsbrekku án fyrirhugaðrar uppbyggingar í umræddu hverfi. Til að gera slíkar samanburðarspár þyrfti að liggja fyrir hvar á höfuðborgarsvæðinu ætti að staðsetja þær íbúðir og það atvinnuhúsnæði sem annars er fyrirhugað í Ártúnshöfða og Elliðaárvogi.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri